

Ed.

438. Frumvarp til laga

[218. mál]

um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

I

Landhelgi.

1. gr.

Landhelgi Íslands skal afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá grunnlínu sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27'4	n.br.,	22°24'3	v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08'1	—	20°11'0	—
3. Siglunes	66°11'9	—	18°49'9	—
4. Flatey	66°10'3	—	17°50'3	—
5. Lágey	66°17'8	—	17°06'8	—
6. Rauðinúpur	66°30'7	—	16°32'4	—
7. Rifstangi	66°32'3	—	16°11'8	—
8. Hraunhafnartangi	66°32'2	—	16°01'5	—
9. Langanes	66°22'7	—	14°31'9	—
10. Glettinganes	65°30'5	—	13°36'3	—
11. Norðfjarðarhorn	65°10'0	—	13°30'8	—
12. Gerpir	65°04'7	—	13°29'6	—
13. Hólmur	64°58'9	—	13°30'6	—
14. Setusker	64°57'7	—	13°31'5	—
15. Þursaker	64°54'1	—	13°36'8	—
16. Ystiboði	64°35'2	—	14°01'5	—
17. Selsker	64°32'8	—	14°07'0	—
18. Hvítugar	64°23'9	—	14°28'0	—
19. Stokksnes	64°14'1	—	14°58'4	—
20. Hrollaugseyjar	64°01'7	—	15°58'7	—
21. Tvísker	63°55'7	—	16°11'3	—
22. Ingólfshöfði	63°47'8	—	16°38'5	—
23. Hvalsíki	63°44'1	—	17°33'5	—
24. Meðallandssandur I	63°32'4	—	17°55'6	—
25. Meðallandssandur II	63°30'6	—	17°59'9	—
26. Mýrnatangi	63°27'4	—	18°11'8	—
27. Kötlutangi	63°23'4	—	18°42'8	—
28. Lundadrangur	63°23'5	—	19°07'5	—
29. Surtsey	63°17'7	—	20°36'2	—
30. Eldeyjardrangur	63°43'8	—	22°59'4	—
31. Geirfugladrangur	63°40'7	—	23°17'1	—
32. Skálasnagi	64°51'3	—	24°02'5	—
33. Bjargtangar	65°30'2	—	24°32'1	—
34. Kópanes	65°48'4	—	24°06'0	—
35. Barði	66°03'7	—	23°47'4	—
36. Straumnes	66°25'7	—	23°08'4	—
37. Kögur	66°28'3	—	22°55'5	—
38. Horn	66°27'9	—	22°28'2	—

Landhelgin skal auk þess afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði Kolbeinseyjar (67°08'9 n.br., 18°41'3 v.lg.), Hvalbaks (64°35'8 n.br., 13°16'6 v.lg.) og ystu annesja og skerja Grímseyjar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

2. gr.

Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni.

Framkvæmd fullveldisréttarins fer eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga.

II

Efnahagslögsaga.

3. gr.

Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómíllur frá grunnlínum landhelginnar, sbr. þó 7. gr.

4. gr.

Innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland:

- a. fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleiðslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindi.
- b. lögsögu að því er varðar:
 - i. byggingu mannvirkja og afnot af þeim,
 - ii. vísindalegar rannsóknir,
 - iii. verndun hafsins.
- c. önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.

Framkvæmd réttinda og skyldna innan efnahagslögsögunnar skal vera samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

III

Landgrunn.

5. gr.

Landgrunn Íslands nær til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi, sem eru framlenging landssvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr.

6. gr.

Fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu tekur til rannsóknar og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru, svo og á lífverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án stöðugrar snertingar við hafsbotninn.

Stjórnvöld setja reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnins.

IV

Afmörkun svæða milli landa.

7. gr.

Afmörkun efnahagslögsögu og landgrunn milli Íslands og annarra landa skal eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skulu slíkir samningar háðir samþykki Alþingis.

Þar til annað verður ákveðið skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands miðuð við 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar að því undanskildu þó að þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu.

V

Ráðstafanir gegn mengun.

8. gr.

Skýlt er að forðast allt það sem getur mengað eða á annan hátt spillt hafinu. Íslensk stjórnvöld skulu samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milli-rikjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum.

VI

Vísindalegar rannsóknir.

9. gr.

Vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skulu háðar samþykki íslenskra stjórnvalda.

Að því er varðar rannsóknir innan efnahagslögsögunnar eða á landgrunninu skal slíkt samþykki að jafnaði veitt, ef umsókn kemur frá erlendu ríki eða hlutaðeigandi milliríkjastofnun, enda sé um að ræða friðsamlega viðleitni til að efla þekkingu á umhverfi sjávar. Hafna má beiðni, meðal annars, ef hún:

- stendur í beinu sambandi við rannsókn eða hagnýtingu á lífrænum eða ólíf-rænum auðlindum.
- hefur í för með sér boranir á landgrunninu, notkun sprengiefna eða skaðlegra efna fyrir umhverfið.
- leiðir til byggingar, starfrækslu eða notkunar mannvirkja.

10. gr.

Umsókn um leyfi til rannsókna skv. 9. gr. skal lögð fram eigi síðar en sex mánuðum áður en rannsókn hefst og skulu henni fylgja nákvæmar upplýsingar varðandi:

- eðli og markmið rannsókna.
- rannsóknaraðferð, þ. á m. nafn, stærð, tegund og gerð skipa og lýsingu á rann-sóknartækjum.
- nákvæma staðsetningu svæða, sem rannsaka á.
- upphaf og lok rannsóknatímabils.
- nafn stofnunar, sem að rannsóknum stendur, nafn forstjóra hennar og fram-kvæmdastjóra rannsóknaleiðangurs.
- fyrirhugaða þátttöku íslenskra stjórnvalda í rannsóknum.

Íslensk stjórnvöld skulu tilkynna afstöðu sína til umsóknarinnar innan fjög-urra mánaða, ef umsókn er hafnað.

VII

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Brot á lögum þessum varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 17 1. apríl 1969, um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Svo eru og úr gildi númer önnur þau lagafyrirmæli er koma í bág við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að draga saman í ein lög öll meginákvæði um landhelgi og lögsögu Lýðveldisins Íslands á hafinu umhverfis landið og á landgrunninu og lögfesta í þágu Íslands ný réttindi á þessu sviði með hliðsjón af þróun þjóðaréttar að undanfögnu. Frumvarpið hefur verið undirbúið í utanríkisráðuneytinu og felast í því þessi aðalatriði:

1. Sjálf landhelgin, en með því hugtaki er átt við hafsvæði það, þar sem ríkið hefur fullveldisrétt hliðstæðan og yfir landinu, er færð úr 4 í 12 sjómílur.
2. Fiskveiðilögsaga hefur, síðan 1975, verið 200 sjómílur, og var það ákvæðið með reglugerð, er byggðist á landgrunnslögunum frá 1948. Með þessum lögum mundi Ísland taka sér 200 mílna efnahagslögsögu með lögum.
3. Auk þess að fiskveiðilögsagan er staðfest, tekur Ísland sér 200 mílna lögsögu yfir vísindarannsóknnum á hafsvæðum umhverfis landið.
4. Þar að auki tekur Ísland sér 200 mílna mengunarlögsögu, og veitir það íslenskum stjórnvöldum rétt til að gera ráðstafanir til að vernda hafið umhverfis landið fyrir mengun að þeim mörkum.
5. Með efnahagslögsögu tryggir Lýðveldið Ísland sér allan rétt til að ráða byggingu mannvirkja eða afnot af þeim innan 200 mílna, en þetta getur haft þýðingu í sambandi við hugsanlega olíuvinnslu.
6. Með frumvarpi þessu eru ítrekuð reglugerðarákvæði um miðlínur milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja, en ákvæði um framkvæmd 200 mílna fiskveiðilögsögu gagnvart Jan Mayen er fellt niður.

Þegar lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins nr. 44 5. apríl 1948, voru sett, var við það miðað, að útfærsla fiskveiðimarkanna mundi haldast í hendur við þróun þjóðaréttar. Samkvæmt því voru mörkin færð út í 4 sjómílur 1950/52, í 12 mílur 1958, í 50 mílur 1972 og í 200 mílur 1975.

Nú er svo komið, að á vettvangi hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem hófst árið 1973 eftir margra ára undirbúning, hefur náðst viðtæk samstaða um rétt strandríkja til 12 sjómílna landhelgi, þar sem strandríkið hefur fullveldisrétt að mestu leyti hliðstæðan rétti yfir landi sínu. Þar hefur einnig náðst samstaða um 200 mílna efnahagslögsögu, þar sem miðað er við viðtækar heimildir strandríkis yfir auðlindum sjávar undan ströndum. Loks hefur einnig náðst viðtæk samstaða um rétt strandríkisins yfir landgrunni, landgrunnsbrekku og landgrunnshalla allt að endimörkum landgrunnssvæðisins („edge of the continental margin“), einnig utan 200 mílna frá grunnlínu. Er þá fjarlægðin miðuð við lögun og gerð hafsbotsins.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefur enn eigi lokið störfum, aðallega vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag um skipan mála á alþjóðahafsbotssvæðinu utan lögsögu ríkja. Þrátt fyrir það þykir nú tímabært að lögfesta þau atriði, sem að ofan eru greind, og er það sjónarmið lagt til grundvallar í frumvarpi þessu.

Aðalatriðið á þessu stigi er að lögfesta þær meginreglur, sem nú liggja ljósar fyrir.

Verði frumvarp þetta að lögum mun óhjákvæmilegt að gera breytingar á nokkrum gildandi lögum til samræmis, t.d. tollalögum, sóttvarnalögum, áfengis-lögum o. fl.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með hugtakinu landhelgi er átt við það svæði næst ströndum, þar sem strandríkið hefur því sem næst sömu yfirráð og yfir landi sínu. Er miðað við, að landhelgin verði nú 12 sjómílur. Hér er um hámark slíkrar lögsögu að ræða. Nokkur ríki Suður-Ameríku hafa barist fyrir því, að landhelgin sem slík skuli ná allt að 200 sjómílum frá ströndum, en sú skoðun hefur aldrei náð fylgi. Öðru máli gegnir um sérhæfða lögsögu í tilteknu skyni.

Um 2. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 3. gr.

Efnahagslögsöguhugtakið er byggt á þeirri forsendu, að óþarft sé að færa út hina eiginlegu landhelgi til að tryggja verndun sérstakra hagsmuna strandríkisins vegna auðlinda hafsins undan ströndum. Það er þetta sjónarmið, sem samstaða hefur náðst um á hafréttarráðstefnunni. Hefur því sannast réttmæti þeirrar stefnu, sem mörkuð var með landgrunnslögunum íslensku frá 1948. Í þeim lögum er einmitt byggt á því, að nauðsynlegt sé að blanda ekki saman hugtökunum landhelgi og lögsögu yfir auðlindum.

Um 4. gr.

Hér eru talin upp þau yfirráð, sem strandríkinu eru heimil innan efnahagslögsögunnar. Er það í samræmi við samstöðuna á hafréttarráðstefnunni.

Um 5. gr.

Miklar deilur eru enn uppi á hafréttarráðstefnunni um skýrgreiningar á ytri mörkum landgrunnssvæðisins. Það sjónarmið, sem mest fylgi hefur, er að landgrunnssvæðið beri að skoða sem framlengingu á landinu sjálfu að meðtöldum landgrunnshalla.

Um 6. gr.

Greinin er í samræmi við samstöðuna á hafréttarráðstefnunni.

Um 7. gr.

Miklar deilur eru um það á hafréttarráðstefnunni, hvort miða eigi við miðlínu milli landa eða sanngirnis-sjónarmið í hverju tilviki, þegar svo er háttað, að landgrunn er sameiginlegt eða 200 mílna efnahagslögsaga eins ríkis rekst á annars. Inn í það mál blandast einnig sjónarmið varðandi eyjar og kletta. Hin ýmsu tilvik eru svo ólík, að eðlilegast er, að hvert tilvik sé skoðað fyrir sig. Kæmu þá til samningaviðræður milli hlutaðeigandi ríkja og e. t. v. gerðardómur. Í greininni er miðað við, að slíkar samningaviðræður fari fram. Árangur samningaviðræðna yrði lagður fyrir Alþingi til staðfestingar.

Um 8. gr.

Á hafréttarráðstefnunni er unnið að því, að ríki skuldbindi sig til að sjá um ráðstafanir gegn mengun sjávar. Verður þar um meginreglur að ræða, en um einstök atriði er fjallað t. d. í alþjóðasamningnum frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, Oslóarsamningnum frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum og Lundúnasamningnum frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það. Ákvæði samninga þessara hafa lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 77 10. maí 1966, lög nr. 20 16. apríl 1973 og lög nr. 53 30. apríl 1973. Auk þess ber að ganga frá reglum um varnir gegn mengun frá landi.

Virðist eðlilegast, að sérstök lög um varnir gegn mengun verði sett, en í 4. gr. frumvarps þessa er staðfest sú meginregla, að Ísland hafi lögsögu yfir slíkum málum innan 200 mílna markanna. Hins vegar er gert ráð fyrir því í uppkastinu að hafréttarsáttmálanum, að ríkin samræmi stefnu sína í þessum málum.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar eru í samræmi við samstöðuna á hafréttarráðstefnunni.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að brot á ákvæðum laga þessara verði viðurlögum samkvæmt gildandi lögum. Mundi þá gildissvið hlutaðeigandi laga taka til þeirra svæða, sem greind eru í frumvarpi þessu, eftir því, sem við á.

Um 12. gr.

Skýrgreining hugtaksins landgrunn í lögum nr. 17 frá 1. apríl 1969 er miðuð við stöðu mála samkvæmt alþjóðasamningnum um landgrunn, sem gengið var frá á fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf árið 1958. Sá samningur var aldrei fullgiltur af Íslands hálfu og er nú miðað við frekari þróun þjóðaréttarins svo sem hún hefur lýst sér á þriðju hafréttarráðstefnunni. Er því lagt til, að lögin frá 1969 verði nú úr gildi numin.

Um 13. gr.

Þarfnast eigi skýringa.